

Kvikmyndahátíðin 1978:

Hver lifir, hver sigrar?

Stroszek hefur Werner Herzog flutt Kaspar Hauser fram til nútímans. Það er að segja ef við göngum út frá því að Kaspar Hauser hafi aldrei verið annar en Bruno S., leikarinn sem Herzog tók upp af götunni, nýkominn af geðveikrahæli og lét leika hlutverk Kaspars, „mannsins sem fæddist fullorðinn“. Stroszek er á sama hátt og Kaspar aðeins Bruno S. og einhvern veginn gezt mér betur að honum í nútímanum. Eg er því í hópi þeirra sem finnst Stroszek betri mynd en Kaspar Hauser, en þetta er víst minnihlutahópur að manni skilst.

Werner Herzog er hugsjónamaður, humanisti. Hann er málsvari minnihlutans, allra þeirra sem orðið hafa utangarðs í þjóðfélaginu af einhverjum ástæðum. Margar myndir hans fjalla líka um slíkt fólk, utangarðsmennina, eins og t.d. Dvergarnir og Kaspar Hauser, en aðrar um þörf mannsins og leit að ævintýrum og þolraunum, líkt og Aquirra, guð reiðinnar myndin um skíðastökkvarann. Að sumu

leyti þösatinar Stroszek þessi tvö höfuðpemu Herzogs.

Stroszek er götuhornahljóðfæraleikari og sagan hefst þegar hann er látinn laus af hæli fyrir drykkjujúka að manni skilst. Strax og hann er kominn út liggur leið hans inn á næstu krá, þar sem hann verður vitni að því er tveir hór-mangarar niðurlægja eina skækjuna. Stroszek tekur stúlkuna að sér, en þau verða bæði fyrri stöðugum ofsóknunum hó mangaranna, svo að þau fylgja ráðum vinar þeirra og ná-granna, öldungsins Scheid, og ákveða að freista gæfunnar í Ameríku.

Ameríka er land fyrirheitanna og öll þrjú hefja þau þar nýtt líf full bjartsýni. Skækjan fer að vinna fyrir sér með afgreiðslu á veitingahúsi og Stroszek fær vinnu á verkstæði. Þau slá lán í banka og geta fest kaup á forlata hjólhýsi og lit-sjónvarpstæki, hvort tveggja nauðsynleg stöðutákn. En þegar framtíðin virðist brosa við þeim, tekur veröldin vesturheimska að hrynja. Stroszek og vinkona hans standa ekki undir

skuldaspunni en bankinn vill sitt. Skækjan leitir til fyrra líf-ernis en Stroszek á náðir áfengis-ins.

Herzog fer víða á kostum í þessari mynd, sérstaklega þó í þeim hluta hennar sem gerist vestan hafs. (Það er annars athyglisvert hversu hugleikin Bandaríkin eru mörgum v-þýzkum kvikmyndagerðarmönnum, samanber Wenders og Ameríska vininn eða Lísu í borgunum). Þó verður manni sérstaklega minnstætt niðurlag myndarinnar — allt frá því að þeir Stroszek og öldungurinn fremja ránið til lokaatriðis-ins í leiktækjagarðinum. Það er eins og Herzog spyrji: Hvor er raunverulega sigurvegurinn — Stroszek heitinn eða samfélagið sem eftir stendur?

Stroszek er enn einn vitnisburðurinn um að Herzog er einhver merkilegasti og sérstæðasti listamaður sem þessi tjáningarmiðill — kvikmyndin — hefur alið. Nú biður maður aðeins spennur eftir næstu mynd — um utangarðsmanninn alræmda, sjálfan Frankenstein. — Bvs.



Guðbergur Auðunsson heldur sína fyrstu einka málverkasýningu á Kjarvalsstöðum dagana 4.—15. febrúar n.k. Guðbergur er Reykvikur fæddur 1942 var við nám í Kunsthaandværkskolen

í Kaupmannahöfn 1959 — 1963, síðan við teiknistörf í New York 1964 — 1965. Þá var Guðbergur við nám í málaraeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands veturinn 1976 — 1977.

ÓMAR Skúlason heldur sína fyrstu einkamyndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum dagana 4.—15. febrúar n.k. Þar sýnir Ómar 56 verk, klippi-myndir, collage, dúkrustur, teikningar og myndir unnar með sprautu og skapalóni, en það mun vera í fyrsta sinn sem slík tækni kemur fram á sýningu hérlendis. Ómar stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1967—1971 og starfar nú við teiknikennslu. Sýningin er opin 14—22 um helgar og 16—22 virka daga.



ÓMAR Skúlason heldur sína fyrstu einkamyndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum dagana 4.—15. febrúar n.k. Þar sýnir Ómar 56 verk, klippi-myndir, collage, dúkrustur, teikningar og myndir unnar með sprautu og skapalóni, en það mun vera í fyrsta sinn sem slík tækni kemur fram á sýningu hérlendis. Ómar stundaði nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1967—1971 og starfar nú við teiknikennslu. Sýningin er opin 14—22 um helgar og 16—22 virka daga.



for-
mót-
ekkt

Magnús Kjartansson — vildi kauplækkun 1974, stóð að vísitöluskerðingu og kjaraskerðingu sjómanna.

Lúðvík Jósepsson — vildi kauplækkun vorið 1974, samþykkti vísitöluskerðingu og kjaraskerðingu sjómanna.

inga var mótmælt. En um verkfallsaðgerðir eða annað slíkt var ekki að ræða af hálfu Dagsbrúnar í Reykjavík eða nokkurs annars verkalýðsfélags, sem Alþýðubandalagið hafði forystu fyrir.

Það er eftirtektarvert, að einmitt á þessum tíma gegna Alþýðubandalagsmenn forystustörfum, bæði í Alþýðusambandi Íslands og Dagsbrún en þrátt fyrir það og þrátt fyrir mótmælin hafði verkalýðshreyfingin ekki uppi frekari aðgerðir vegna gengislækkunar, vísitöluskerðingar og kjaraskerðingar sjómanna. Þetta eru líka sögulegar staðreyndir, sem vert er að hafa í huga í umræðum um efnahagsmál og atvinnumál næstu daga.

Aðstæður þá og nú

Í þeim umræðum, sem nú fara fram um efnahagsmál hefur komið afar skýrt fram, að ekki er um að ræða nauðsyn kjaraskerðingar a.m.k. ekki almennt talað, heldur hitt, að launþegar sætti sig við óbreytt lífskjör út þetta ár. Rök hafa verið færð að því, að ekki sé grundvöllur til frekari kjarabóta að sinni. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar munu því væntanlega miða að því að tryggja þann kaupmátt, sem fyrir er. Launþegar geta á hinn bóginn ekki búið við því, að sá kaupmáttur muni aukast það sem eftir er af þessu ári. Vorið 1974 var um beina kjaraskerðingu að ræða og þá lét verkalýðshreyfingin sitja við mótmælin ein. Engum dettur í hug að bera forystu ASÍ á brýn, að hún taki afstöðu til mála eftir því hvaða flokkar sitja í ríkisstjórn og þess vegna er augljóst, að viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar nú geta ekki orðið harðari en þau urðu vorið 1974, þegar ekki var um að ræða óbreyttan kaupmátt heldur á ferðinni stórfelld kjaraskerðing.

Í þessu sambandi er líka fróðlegt að bera saman hlut sjómanna þá og nú. Fyrir nokkrum vikum var ákveðið að hækka fiskverð um 13% m.a. til þess að sjómenn héldu sínum hlut gagnvart landverkalýðum og fengju svipaðar hækkningar og þeir, sem starfa í landi. Vorið 1974 urðu sjómenn hins vegar að taka á sig stórfellda kjaraskerðingu. Ur því að verkalýðshreyfingin brást ekki harkalegar við kjaraskerðingu bæði sjómanna og landverkalýðs þá, er ekki hægt að búast við því, að hún taki illa upp nú aðgerðir til þess að tryggja núverandi kaupmátt þegar jafnframt er búið að sjá til þess að fullt réttlæti ríki milli sjómanna og landverkalýðs.

Þá má heldur ekki gleyma því, að eitt helzta markmið aðgerða í efnahagsmálum nú er að tryggja næga atvinnu í landinu með því að koma í veg fyrir stöðvun atvinnufyrirtækja og atvinnuleysi. Verkalýðshreyfingin hlýtur að horfast í augu við þá staðreynd alveg eins og allir aðrir, að verði ekkert að gert munu atvinnufyrirtækin smátt og smátt stöðvast og atvinnuleysi skapast. Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar bera mikla ábyrgð í þessum efnum. Það er ekki síður á þeirra valdi en annarra að tryggja að atvinna haldist í landinu. Þess vegna verður að vænta þess, að þeir taki vel nauðsynlegum ráðstöfunum til þess að tryggja næga atvinnu og til að hindra atvinnuleysi.

Það er því alveg sama hvornig á þessi mál er litið. Fordæmið um viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar vorið 1974 getur ekki leitt til annarrar niðurstöðu en þeirrar, að viðbrögðin nú verði ekki harkalegri en þá. Komi hins vegar í ljós, að svo verði er augljóst, að forystumenn verkalýðsfélaganna misnota aðstöðu sína í pólitískum tilgangi. Því verður ekki trúað fyrr en á reynir, að þeir menn sem nú eru í forystu fyrir þessari öfluglu félagsmálhreyfingu láti standa sig að slíku.

Afstæða stjórnarandstöðu

Í raun og veru má segja hið sama um afstöðu stjórnarandstöðunnar til efnahagsaðgerða nú. Að vísu bar Alþýðuflokkurinn ekki ábyrgð á stjórnarandstöðum vorið 1974 en hann á að baki langan feril í ríkisstjórn og hefur borið ábyrgð á margvíslegum aðgerðum af því tagi, sem nú er mest rætt um.

En bæði Alþýðubandalag og SFV stóðu að gengislækkun vorið 1974. Nú liggur ekkert fyrir um, hvort til slíkra aðgerða verður gripið að þessu sinni. En verði svo er augljóst, að þeir, sem beittu sér fyrir gengislækkun þá eru í engri aðstöðu til að hafna henni nú.

Alþýðubandalag og SFV stóðu að vísitöluskerðingu vorið 1974. Ekkert liggur fyrir um, hvort slíkar aðgerðir eru í bígerð nú en verði svo, er augljóst, að þeir sem stóðu fyrir vísitöluskerðingu og stórfelldri kjaraskerðingu sjómanna vorið 1974 eru í engri aðstöðu til að mótmæla slíkum aðgerðum nú.

Alþýðubandalag og SFV stóðu að margvíslegum skattahækkunum vorið 1974. Ekkert liggur fyrir um, hvort slíkar aðgerðir eru í bígerð nú, enda skattar nógu þungir fyrir, svo að ekki sé meira sagt, en þeir sem stóðu fyrir þeim vorið 1974 eru í engri aðstöðu til þess að mótmæla slíku nú.

Enginn vænir stjórnarandstöðuna um ábyrgðarleysi. Þess vegna verður fyrir fram ekki ætlað, að þeir flokkar sem nú eru í stjórnarandstöðu bregðist öðru vísi við nú en þeir gerðu vorið 1974, þegar þeir voru í stjórn. En fari svo, að viðbrögð þeirra verði önnur og að viðbrögð verkalýðshreyfingarinnar verði önnur, hljóta bæði stjórnarandstaðan og foringjar verkalýðsfélaga að standa umbjóðendum sínum og þjóðinni reikningsskil gerða sinna.

sem m.a. Alþýðubandalagið stóð að, gengislækkun, vísitöluskerðingu og stórfelldri kjaraskerðingu sjómanna. Alþýðusambandið undir forystu Alþýðubandalagsmannsins Snorra Jónssonar lét við mótmælin sitja.

Hvað um Dagsbrún? Eðvarð Sigurðsson, formaður Dagsbrúnar, þingmaður Alþýðubandalagsins í Reykjavík, sagði í viðtali við Morgunblaðið þessa daga, að hann hefði staðið að samþykkt ASÍ, þar sem íhlutun í kjarasam-